



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	7.fundur stjórnar KLÍ 2015-2016
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	Fimmtudaginn 26.nóvember 2015 kl. 17:30
Þátttakendur:	Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) ÍR                      Formaður Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir(SUV) KFR                      Gjaldkeri Svanhildur Ólafsdóttir(SÓ) KFR                                      Ritari Bjarni Páll Jakobsson (BPJ)    Meðstjórnandi Valgeir Guðbjartsson (VG) KFR    Varamaður
Boðuð forföll:	Björn Kristinsson (BK) KR
Fjarverandi:	Höskuldur Þór Höskuldsson (HPH) KR                      Varaformaður Jóhannes R Ólafsson (JÓ) KR
Fundarritari:	SÓ

## Dagskrá fundar

1. Staðfesting fundagerðar síðasta fundar
2. Keilarar ársins
3. Starfslýsing starfsmanns
4. Önnur mál

## Fundargerð

### Staðfesting fundagerðar síðasta fundar

Síðasta fundargerð staðfest. Fundargerðir berist fyrir í framtíðinni.

### Keilarar ársins

Gagnrýni hefur komið fram á stigakerfi sem notað er – verður endurskoðað með tilliti til vægis stiga og ákvörðun tekin í byrjun desember.

### Starfslýsing starfsmanns

Starfslýsing starfsmanns er síðan 2012 - stjórn fer yfir starfslýsingu og skoðar hvort þarf að breyta einhverju.

### Önnur mál

Upplýsinganefnd:

Ýta á upplýsinganefnd að koma fréttum inn á síðu KLÍ jafnóðum og þær berast.

## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

---

### Dómaramál:

Dómaranefnd ákvað gildistíma dómaraskírteina 3 ár, en dómaranámskeið eru haldin að jafnaði 2 - 3 á vetri. Þarf að ákveða hvort eigi að framlengja dómaraskírteini ef engar stórvægilegar breytingar hafa átt sér stað og hve lengi framlengingin á að gilda.

ÞMP setur inn á síðu KLÍ dómgæslu félaganna þannig að félagsmenn geti fylgst með líka. Gera þarf dómara sýnilegri með td. merkispjaldi og hafa möppu til staðar fyrir þá. ÞMP gengur í málið.

Ítreka þarf fyrir félagsmönnum að tala við dómara ef einhverju þarf að breyta í leik.

### Silfurkort:

Félagsmaður með silfurkort kvartaði vegna þess að kortið ætti að gilda út janúar 2016 en er dottið úr gildi. ÞMP talar við Simma og ath hvort hægt sé að láta kortið gilda út janúar þar sem þetta var eina silfurkortíð í notkun annars endurgreiðsla.

### Bréf frá formanni ÍR:

Formaður ÍR sendi bréf til stjórnar þar sem hann gagnrýnir val á þátttakendum í ferð ungmenna til Qatar. Ekki var haft samráð við þjálfara ÍR og þykir það miður.

Landsliðsþjálfari hafði haft samband við formann ÍR strax að loknu vali og hafði hann á þeim tíma ekki athugasemdir við valið, né farið fram á að það yrði haft samband við félagsþjálfarann.

### Afreksmiðstöð ÍSÍ:

Búið er að búa til gagnagrunn fyrir íþróttamenn með mælikvarða, við verðum að búa til okkar mælikvarða fyrir afreksstefnu.

---

Næsti fundur fyrirhugaður miðvikud. 9. desember kl 18:30 á sama stað

Fundi slitið kl 20:00